

EFTIRLITSSKÝRSLA

Samherji fiskeldi ehf. Stóru-Vatnsleysu, Vatnsleysuströnd.



Dags eftirlits	1.9.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Samherji fiskeldi ehf.	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Stóru-Vatnsleysu	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6104061060	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Heiðdís Smáradóttir	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Bylgja Hálfánardóttir	Staðsetning	331424,101 390175,263

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram í eftirlitinu: 1) Ársskýrsla fyrir árið 2024 var með ófullnægjandi upplýsingum. 2) Grænt bókhald fyrir árið 2023 var með ófullnægjandi upplýsingum. 3) Grænt bókhald fyrir árið 2024 var með ófullnægjandi upplýsingum.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 1.600 tonn af laxfiski. Starfsleyfið gildir til 31. mars 2027.

Boðað umfang eftirlitsins var:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
 - Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
 - Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
 - Eftirlitsmælingar og skráningar
 - Áætlanir og viðbrögð
 - Umgengi og aðkoma lóðar
 - Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
 - Fylgiskjöl
- Síðasta eftirlit var framkvæmt árið 2023 og var eftirlitið án frávika.
 - Áhættumat 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.
 - Framleiðsla fyrir árið 2023 var 1481 tonn og framleiðsla fyrir árið 2024 var 1390 tonn. Rekstraraðili skilaði útstreymisbókhaldi, grænu bókhaldi og ársyfirliti fyrir árið 2023 fyrir 1. maí 2024 og fyrir árið 2024 fyrir 1. maí 2025. Ársyfirlit fyrir árið 2024 var með ófullnægjandi upplýsingum, ekki var skilað inn upplýsingum um rétta losun og er það því frávík. Rekstraraðili skilaði fullnægjandi ársyfirliti 10. september 2025 og er því frávikinu lokað. Grænt bókhald fyrir árið 2023 og árið 2024 var með ófullnægjandi upplýsingum og er það því frávík. Framleiðslulífsmassi var ekki skráður í græna bókhaldið fyrir árin 2023 og 2024. Rekstraraðili skilaði fullnægjandi grænu bókhaldi fyrir 2023 og 2024, 10. september 2025 og er frávikunum lokað.
 - Fosfórslosunin fyrir árin 2023 og 2024 voru innan marka starfsleyfis.
 - Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sem og neyðaráætlun vegna tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar reksturs eru til staðar og uppfærðar og áætlun um meðhöndlun úrgangs. Rekstraraðili er með gilda tryggingu skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.
 - Gengið var um svæðið, ekki voru gerðar athugasemdir um umgengi eða frárennnsli.
 - Ekki voru gerðar athugasemdir við efnageymsluna.
 - Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí mun stofnunin fara yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 3.1 í starfsleyfi.	Ársyfirlit fyrir árið 2024 var með ófullnægjandi skráningum, fullnægjandi skil bárust 10. september og er frávikin því lokað.
Gr. 3.5 í starfsleyfi.	Grænt bókhald fyrir árið 2023 var með ófullnægjandi upplýsingum, fullnægjandi skil bárust 10. september 2025 og er frávikin því lokað.
Gr. 3.5 í starfsleyfi.	Grænt bókhald fyrir árið 2024 var með ófullnægjandi upplýsingum, fullnægjandi skil bárust 10. september 2025 og er frávikin því lokað.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðili var minntur á að sækja um nýtt starfsleyfi tímanlega þar sem núgildandi starfsleyfi rennur út í mars árið 2027.

ANNAÐ

Annað:

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Reykjavík, 13.10.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Auður Eyberg Helgadóttir